

Ed.

513. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni er að visu ljóst, að til hafnarbóta í Vestmannaeyjum hefir á síðari árum verið varið miklu meira sje úr ríkissjóði en til annara hafnargerða á landinu og að fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum verður að halda áfram umbótum á höfninni, ef hún á að koma að fullum notum. Hinsvegar er hjer' að ræða um einhverja mestu fiskveiðistöð landsins, sem því aðeins getur þrífist, að sæmileg hafnar- og lendingarskilyrði sjeu fyrir hendi. Nefndin litur svo á, að ekki verði hjá því komist að gera nauðsynlegar umbætur á höfninni og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Halldór Steinsson,
frsm.